

Nð.

278. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Páll Hermannsson.

1. Við 1. gr. Síðari málsgrein orðist þannig:

Heimilt er framkvæmdarstjórn síldareinkasölunnar að krefjast þess, að þeir, sem veiðileyfi hafa fengið, afhendi einkasölunni ferska síld til söltunar,

þar sem því verður við komið, ef framkvæmdarstjórn telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, enda sje sildin útflutningshæf, að dómi nmboðsmanna einkasölnunnar. Framkvæmdarstjórnin sjer þá nm eða ráðstafar verkun sildarinnar á þann hátt, er henni þykir hentast eftir markaðshorfum á hverjum tíma.

2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

3. Við 4. gr. Þriðja málsgrein orðist þannig:

Ríkisstjórninni er og heimiit að ábyrgjast lán til einkasölnunnar. Skulu þau lán endurgreidd að fullu, áður en nokkrum sildarframleiðanda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsild, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarendi upphæð fyrir öðrnvisi verkaða sild. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1930 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóðnr einkasölnunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. krónum.

4. Við 6. gr.

a. Í stað » $1\frac{1}{4}\%$ « komi: $1\frac{1}{4}\%$.

b. Síðari málsgrein falli niður.

5. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist: Útflutningsnefndarmenn, nmboðsmenn (sildarmatsmenn) og skrifstofuþjónar einkasölnunnar mega ekki reka sildarútveg, sildarsöltun eða kampa sild til söltunnar.